



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
í móttöku til heiðurs lögmanni Færeyja
Askel V. Johannesen
Norðurlandahúsinu
Þórshöfn
18. maí 2017**

Ágæti lögmaður,
kæru vinir!

Á þessum stað reikar hugurinn til norrænnar samvinnu. Síðar í ár verða liðnir fjórir áratugir síðan tveir arkitektar unnu samkeppni um teikningu að Norðurlandahúsi hér í Færeyjum, Ola Steen frá Noregi og Íslendingurinn Kolbrún Ragnarsdóttir. Færeyingar létu svo hendur standa fram úr ermum, drógu til sín sænskt tréverk, flísar úr norsku flögubergi, gler og járn frá Danmörku, finnsk húsgögn og höfðu hliðsjón af íslenskri þakgerð. Árið 1983 var því vígt hér sannkallað Norðurlandahús.

Gerð hússins var áfangi í sjálfstæðissögu Færeyinga. Hún á sér djúpar rætur. Eftir landnám varð með tímanum til sérstök þjóð hér, með eigin tungu og menningu. Ritmálið hvarf hins vegar á síðmiðöldum og það var ekki fyrr en um miðja nítjándu öld að úr rættist eins og þið þekkið eflaust: Presturinn og málfræðingurinn Venzel Hammershaimb samdi reglur um færeyska málfræði og stafsetningu, og horfði frekar til uppruna orða en framburðar um hans tíð. Í þessu starfi naut hann atbeina vinar síns, Jóns forseta Sigurðarsonar, sjálfstæðishetju okkar Íslendinga – og eigum við þá Jóni það jafnvel líka að þakka, fyrir utan allt hitt, að við getum lesið færeysku án mikilla vandkvæða. Hið talaða mál vill hins vegar vefjast fyrir okkur.

Kæru vinir, ég rek ekki hér allar stiklur á leið Færeyinga til aukins sjálfstæðis. Eins og heima á Íslandi skiptu atburðir úti í heimi miklu máli, órói í Evrópu eða styrjaldir. Að sama skapi hefur varðað miklu að skjóta styrkari stoðum undir efnahaginn, auka þar fjölbreytni og losna undan duttlungavaldi náttúruaflanna. Og aldrei má vanmeta mikilvægi menningar og tungumáls, að

nota tungumál þjóðarinnar í skólum og stofnunum. Heima á Íslandi var stofnun Háskóla Íslands árið 1911 þýðingarmikið skref, svipað spor stiguð þið Færeyingar með Fróðskaparsetrinu sem tók til starfa fyrir rúmlega hálfri öld og hefur síðan vaxið og dafnað.

Þá freistast ég til að nefna afrek á sviði íþróttanna. Þær efla öðru fremur samkennd fólks og ættjarðarást. Sjálfur er ég mikill áhugamaður um íþróttir. Ég segi það hreina satt að aldrei hverfur mér úr minni sú óvænta gleði þegar karlalandslið Færeyja í knattspyrnu fagnaði sigri í sínum fyrsta leik í alþjóðakeppni, haustið 1990. Þjálfarinn var íslenskur eins og þið vitið, Páll Guðlaugsson, og ég leyfi mér að vitna í eldlega hvatningu hans til leikmanna áður en flautað var til leiks: „Hugsið um fána Færeyja, fánann ykkar. Takið hann með ykkur inn á völlinn ... vinnið leikinn fyrir fólkið ykkar!“

Einnig nefni ég að í minni fyrstu heimsókn til útlanda í embætti forseta lá leiðin til Ríó í Brasilíu, á Ólympíumót fatlaðra. Þar sá ég færeyska fánann blakta, þar keppti Krista Mørkøre og stóð sig með sóma. Síðar í sumar mun 21-árs landslið karla í handknattleik keppa á heimsmeistaramótinu í Alsír og kvennalið okkar í knattspyrnu verða í sama riðli í undankeppni heimsmeistaramótsins í Frakklandi árið 2019. Við Íslendingar óskum ykkur góðs gengis – nema þegar þið mætið okkar liði. Enginn er annars bróðir í leik, segir hið gamla máltæki okkar.

Að þessu einu slepptu færi ég ykkur Færeyingum góðar óskir um farsæla framtíð. Hér í Norðurlandahúsinu má ítreka mikilvægi þess að við stöndum saman í blíðu og stríðu, ríki Norðurlanda og þær þjóðir sem þau byggja, allt frá Grænlandingum í vestri til Finna í austri. Færeyskri þjóð bíða mikilvægar ákvarðanir, atkvæðagreiðsla um nýja stjórnarská á næsta ári og ólíkar leiðir sem síðan er hægt að feta. Ykkar er valið, þannig á það að vera. Á þeirri vegferð er dýrmætt að eiga – og hafa í huga – kveðskap Janusar Djurhuus, fagra sýn sem er um leið einkunnarorð Fróðskaparsetursins: „Mildar veittrar tendraðu ein vita Føroyum stjørnuleið frá øld til øld.“